

Fréttabréf Gæðastjórnunarfélags Norðurlands

- ágúst og september 2017 -

Drög að vetrardagskrá

Eftir gott sumarfrí hittist stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands í ágúst og september til að leggja drög að glæsilegri vetrardagskrá fyrir aðildarfélög GSFN. Áhersla verður lögð á stutt námskeið, áhugaverða fyrirlestra og spennandi gæðaferðir á Norðurlandi.

Gæðastund í hádeginu

Vertrarstarfið hófst með gæðastund í hádeginu sem haldin var á Greifanum þann 21. september. Að þessu sinni voru tvö erindi á dagskrá.

Í fyrra erindinu fjallaði Haraldur Á. Hjaltason framkvæmdarstjóri Artemis ehf um það hvernig hægt er að nýta sjálfsmatslíkön til að bæta árangur í rekstri. Haraldur hefur unnið sem stjórnunarráðgjafi í yfir 20 ár og hefur unnið með mörgum fyrirtækjum og stofnunum við að þróa og bæta árangur þeirra. Í erindinu fór hann yfir hvernig hægt er að tengja saman helstu þætti gæðastarfs með sjálfsmatslíkönum, eins og EFQM, og hvernig þau nýtast við að bæta og vakta árangur. Hægt er að hafa samband við Harald í tölvupósti (haraldur@artemis.is) og í gegnum síma (gsm: 893 0095) til að fá frekari upplýsingar.

Í síðara erindinu fjallaði Páll Sævar Guðjónsson, sölu- og þjónustufulltrúi hjá Tandur hf og markaðsstjóri eSmiley, um eftirlitkerfið eSmiley. Kerfið byggir á áhættugreiningu, HACCP viðmiðum og skráningu eftirlitsaðila. Kerfið er í notkun hjá yfir 9.000 fyrirtækjum í 15 löndum og hefur nú verið aðlagð að íslenskum markaði. Helstu kostir kerfisins eru rafrænar skráningar, notendavænt viðmót, einfaldar og aðgengilegar skýrslur, fullbúið HACCP kerfi auk leiðbeininga. Sjá meira á www.esmiley.dk

Ný aðildarfélög

Enn eru nýir meðlimir að bætast í félagið og viljum við bjóða Útgerðarfélagi Akureyringa og Samherja Dalvík velkomin í hópinn.

Hafðu samband

Við hvetjum þig til að hafa samband ef þú ert með hugmynd að atburði, ábendingu eða vilt koma einhverju á framfæri. Pósthólfið okkar er gaedastjornun@gmail.com Jafnframt bendum við á heimasíðu félagsins (<http://gaedastjornun.weebly.com/>) og Facebook síðuna Gæðastjórnunarfélag Norðurlands.

Bestu kveðjur frá stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands. Egill, Mjólkursamsölunni - Fannberg, B. Jensen - Hulda, Sjúkrahúsi Akureyrar - Góa, ProMat - Þórdís Huld, Becromal.